

Skýrsla Orðanefndar Skýrslutæknifélagsins fyrir árið 2004. **Flutt á aðalfundi félagsins 27. janúar 2005 AF Sigrúnu Helgadóttur formanni**

Orðanefndin hélt 40 fundi á árinu 2004. Eins og greint var frá í ársskýrslu fyrir árið 2003 átti orðanefndin eina milljón króna á bankabók í upphafi ársins 2004. Sótt var aftur um norrænan styrk en það bar ekki árangur. Fyrirkomulagi norrænu styrkjanna var breytt. Talið var samt að áfram yrðu styrkt orðabókaverkefni á íslensku, færeysku, grænlandsku og samísku. En þegar til átti að taka ákvað úthlutunarnefndin að styrkja ekki „ensprogede ordbøger“ og átti þá sennilega við orðabækur þar sem aðeins kæmi við sögu eitt norrænt mál.

Nefndarmenn héldu samt ótrauðir áfram að fara yfir það efni sem ritstjórinn hafði safnað. Nefndin lauk yfirferð yfir það efni í maí og þá útbjóg Stefán ritstjóri handrit að 4. útgáfu Tölvuorðasafns. Þetta handrit var tilbúið um mitt sumar og fengu orðanefndarmenn það þá til yfirlestrar.

Þegar nefndarmenn sáu handritið fannst þeim það „harla gott“ og fannst að það þyrfti líka að koma út í bókarformi. Upphafleg áform gerðu einungis ráð fyrir að 4. útgáfa yrði sett í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Þegar hér var komið sögu voru í handritinu um 6.500 hugtök en voru um 5.000 í 3. útgáfu. Í 3. útgáfunni voru um 5.800 íslensk heiti og um 6.500 ensk heiti en í 4. útgáfunni verða um 7.500 íslensk heiti og um 8.400 ensk heiti. Líklegt er að í 4. útgáfunni verð um 535 blaðsíður en það er fjölgun um 82 bls. frá 3. útgáfu.

Orðanefndin ritaði því bréf til útgefanda síns, Íslenskrar málnefndar, 14. júní sl. með beiðni um að Málnefndin gæfi handritið út sem bók. Svar barst frá Íslenskri málnefnd í bréfi dags. 22. júní sl. þar sem fram kom að stjórn Íslenskrar málnefndar telji ekki unnt að taka ákvörðun um það útgáfuverkefni að svo komnu máli.

Formaður orðanefndarinnar sneri sér þá til framkvæmdastjóra Hins íslenska bókmenntafélags en Hið íslenska bókmenntafélag tók þátt í að gefa út 1. útgáfu Tölvuorðasafnsins ásamt Íslenskri málnefnd árið 1983. Hinn 4. ágúst sl. barst bréf frá framkvæmdastjóranum þar sem hann lýsir yfir því að forsvarsmenn bókmenntafélagsins líti jákvæðum augum á fyrirspurnina en að líklega þurfi að afla styrkja fyrir fram til verkefnisins.

Formaður orðanefndarinnar ritaði þá formanni Skýrslutæknifélagsins bréf þar sem þessi saga var öll rakin. Ekki hafði verið gengið til viðræðna Hið íslenska bókmenntafélag en líklegt er að afla þurfi styrkja að upphæð um 2.000.000 króna til þess að greiða hluta af útgáfukostnaði og fyrir vinnu ritstjóra þangað til bókin kemur út.

Í september höfðu nefndarmenn lesið handritið og þá var byrjað að fara yfir athugasemdir. Þeirri yfirferð er um það bil að ljúka. Einnig hefur ritstjóri bætt við skilgreiningum og leyst úr ýmsum vafamálum. Ritstjóri mun á næstu vikum búa til próförk að bókinni. Þegar það hefur verið lesið og leiðrétt má prenta bókina. Líklegt er að það verði á fyrri hluta þessa árs. Einnig mun 4. útgáfan verða sett í orðabanka Íslenskrar málstöðvar.

Síðastliðið haust hitti orðanefnd stjórn félagsins á fundi. Einnig ræddi formaður orðanefndar ásamt formanni Skýrslutæknifélagsins og framkvæmdastjóra þess við Heimi Sigurðsson og Hauk Oddsson um leiðir til fjáröflunar. Fjáröflun er nú hafin í samráði við þá félag.

Orðanefndin stefnir m.ö.o. að því að gefa út 4. útgáfu Tölvuorðasafns fyrir mitt þetta ár.

Stefán Briem ritstjóri hélt áfram að semja pistla sem nefnast „Orð vikunnar“ og voru birtir á vefsetri Skýrslutæknifélagsins. Stefán samdi alls 19 pistla á árinu 2004. Þar var komið á framfæri tillögum frá orðanefndinni að nýjum heitum. Alla þessa pistla og pistla frá árinu 2003 má finna á vefsetri nefndarinnar. Vegna fjárskorts varð að hætta við þessa pistla í upphafi sumars.

Eins og áður hvetur orðanefndin félagsmenn og aðra áhugamenn um íslenskt mál að láta í sér heyra. Þeir sem vilja leggja nefndinni lið á einhvern hátt eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við formann orðanefndarinnar Sigrúnu Helgadóttur (netfang: sigrun.h@simnet.is; s: 567 7575/864 7575) eða ritstjóran Stefán Briem (netfang: stbr@simnet.is; s: 552 1733). Upplýsingar um hvernig hafa má samband við formann og ritstjóra má finna á vefsetri nefndarinnar (<http://www.ismal.hi.is/to/>) sem má nálgast frá vefsetri Skýrslutæknifélagsins. (Þetta virkar að vísu ekki núna og tenging við orðabankann er úrelt).